

Starfsábyrgðartrygging sjúkrastofnana er valkvæð ábyrgðartrygging sem tekur til líkamstjóns sem sjúklingur verður í tengslum við meðferð á sjúkrastofnun og fellur ekki undir sjúklingatryggingu. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Vátryggður er vátryggingartaki.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaábyrgðar utan samninga sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns, sem sjúklingur verður fyrir í tengslum við meðferð á stofnuninni, vegna þeirrar starfsemi sem tilgreind er í vátryggingarskírteini. Vátryggingin tekur ekki til reksturs blóðbanka.

3. gr. Undanþágur

Vátryggingin tekur ekki til:

- Skemmda á munum og líkamstjóns sem hlýst af öðrum ástæðum en afleiðingum læknismeðferðar.
- Tjóns af völdum meðferðar sem fellur utan venjulegs starfsviðs vátryggðs.
- Tjóns sem hlýst af aðgerð eða meðferð sem vátryggður eða starfsmaður hans hefur ekki réttindi til þess að framkvæma samkvæmt lögum eða heimildum stjórnvalda.
- Meðferðar sem óhjákvæmilega hefur í för með sér líkamstjón.
- Tjóns sem felst í því að meðferð, þ.m.t. lyfjagjöf, hafði ekki þann árangur eða áhrif sem að var stefnt, eða varð kostnaðarsamari en hliðstæð meðferð. Sama gildir ef síðar kemur í ljós að meðferðin var ónauðsynleg eða reyndist árangurslaus.
- Skaðlegra eiginleika eða aukaverkana lyfja.
- Skemmda á erfðaeftni, hvort sem þær koma fram hjá sjúklinginum sjálfum eða afkomendum hans.
- Tafar á því að meðferð hefjist.
- Alnæmis (AIDS) þ.m.t. afleiðinga AIDS sem og afleiðinga annars smits, sem verður vegna eða í tengslum við AIDS. Sama gildir um vanlíðan, sjúkleika eða dauðsfall sem rekja má til eða sem hefur versnað vegna AIDS eða tengdra sjúkdóma.
- Framleiðsluvara sem hafa verið notaðar eða afhentar eftir að bannað hefur verið að selja eða nota slíkar vörur á Íslandi, eða eftir að afhending eða sala hefur verið stöðvuð vegna gruns eða vitneskju um skaðlega eiginleika hennar.
- Brots á lögvernduðum einka- og hugverkaréttindum.
- Tjóns vegna mengunar loftslags, jarðar, gróður, vatns eða sjávar.
- Starfa, sem unnin eru á vegum annarrar sjúkrastofnunar nema unnið sé án endurgjalds og ábyrgðin hvíli ekki á hlutaðeigandi stofnun samkvæmt gildandi réttarreglum um húsbóndaábyrgð.
- Loforðs eða samnings sem felur í sér víðtækari ábyrgð en leiðir af almennum skaðabótareglum utan samninga.
- Starfsemi utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótaskyldu eða ákvörðun bótafjárhæðar.

Vátryggingin greiðir ekki bætur vegna tjóns sem sjúklingatrygging tekur til, hvort sem hún er fyrir hendi eða ekki. Komi til tjóns, sem vátrygging þessi tekur til og fellur jafnframt undir sjúklingatryggingu, greiðast aðeins bætur að því marki sem tjónsfjárhæð er umfram vátryggingarfjárhæð sjúklingatryggingar.

4. gr. Tímatakmörk

Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn vátryggða eða til stofnast á vátryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggða.
- Að vátryggða verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis vátryggða eða starfsmanns hans, eða að bein hættu er á að slíkt tjón verði.

Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem stofnast hefur gegn vátryggða á vátryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok hennar. Þótt tjón teljist hafa orðið á vátryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða eftir lok vátryggingarinnar, tekur vátryggingin ekki til slíks tjóns nema vátryggði hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan tveggja ára eftir lokum vátryggingarinnar.

Skaðabótakröfu samkvæmt framansögðu, sem rakin er til tjóns, er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman, bætir félagið ekki, hafi tjón komið í ljós að einhverju leyti eða öllu áður en vátryggingartíminn hófst.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019